

Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 5. nóvember 2025

Mættir á skrifstofu félagsins: Árni Sverrisson, Tryggvi Eiríksson og Páll Ægir sem ritaði fundargerð.

Á fjarfundi: Vignir Traustason, Pálmi Gauti Hjörleifsson, Jón Frímann, Kristinn Hólm, Einar Pétur Eiríksson, Heimir Karlsson og Friðrik Höskuldsson.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:35.

Dagskrá stjórnarfundar

- Yfirferð verkefna sl. mánaðar: Heimsókn til ráðherra, Skyndilokanir, Ufsahólf á Halanum, Djúpkarfi (staðan).
- Kl. 13.00 verður Magnús Jónatansson með 20 mínútna kynningu á sumarhúsabyggð að Minniborg í Grímsnesi.
- Staðan á íbúða og orlofshúsamálum.
- Önnur mál.

- Formaður** hefur verið í stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar sem verður á morgun og föstudag í Hörpu. Hann sagði í stuttu máli frá dagskrá ráðstefnunnar en þar verða málstofur ætlaðar til fróðleiks, að vekja til umhugsunar, hvetja til hugmynda, úrlausna og til samstarfs allra hagaðila í íslenskum sjávarútvegi. Hann hitti ráðherra nýlega, aðalmál fundarins voru gagnamál Verðlagsstofu skiptaverðs (VSS), en sem kunnugt er þá höfum við marg óskað eftir því að VSS fái allar upplýsingar um útflutning sjávarafurða. Ráðherra sagði að vinnuhópur hefði vertið skipaður til að fara yfir gagnamál ríkisins. Einnig kom til tals á fundinum lokanir á hólum á fiskislóðum og voru fundarmenn sammála um að það væri afleitt að kynningar og upplýsingar á slíkum lokunum hafa ekki verið fullnægjandi fyrir skipstjórnamenn. Það hefur verið upplýsingaóreiða í þessum málum að sögn Tryggva Eiríkssonar og hefur formaður komið þeirri óánægju á framfæri við Fiskistofu. Barátta okkar fyrir því að hlusta sé á sjónarmið skipstjóra hefur skilað þeim árangri að farið er að hlusta á skipstjórnamenn þegar þeir hafa gert athugasemdir við lokanir eða breytingar á hólum t.d. úti á Hala. Ákveðið var á fundinum að formaður hefði samband við Fiskistofu og óskaði eftir fundi með þeim varðandi verklag og kynningu á lokunum, en gagnasíður hjá Fiskistofu er alls ekki nógu upplýsandi og oft misvísandi. Formaður bar undir fundinn að félagið beiti sér fyrir því að það verði sett í reglugerð ákvæði um að grálúðunet megi ekki liggja meira en 3 til 4 sólarhringa í sjó. Það var samþykkt.

- Magnús Jónatansson** var með kynningu á sumarhúsabyggð að Minniborg í Grímsnesi. Fram kom í máli Magnúsar að aðeins 3 lóðir eru eftir á svæðinu. Eftir að Magnús lauk kynningu sinni fór fram stutt umræða en stjórnir er á því að taka þessu rólega og selja þá bústaði sem þegar eru til sölu áður en ráðist verður í frekri fjárfestingar á orlofshúsum. Nokkuð rætt um sölu á Ásholti og hvort taka ætti þá íbúð úr sölu þar sem fasteignamarkaðurinn er botnfrosinn auk þess sem góð eftirspurn er eftir orlofskostum í Reykjavík. Hugsanlega mætti fresta sölunni um tíma þangað til rofar til í íbúðarmálum á landinu og leigja hana út til félagsmanna. Samþykkt að hafa íbúðina í Ásholti 26 áfram í sölu á ásettu verði 112,5 milljónum og hafa íbúðina áfram í leigu fyrir félagsmenn en jafnframt að fasteignasali hafi möguleika á því að sýna íbúðina á miðvikudögum eins og verið hefur undanfarið.

3. Önnur mál

ÁS sagði frá því að FS, VM og SSÍ gáfu á þingi SSÍ þann 30. okt. $5,5 + 5,5 + 13$ milljónir = 24 milljónir til Slysavarnarfélagsins til kaupa á MOB báti. Skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna sendi stjórninni kærar kveðjur og þakklæti fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

Tilboð og kaup á leiktækjum kom til tals fyrir Vatnsendahlíð og sumarbústaðinn í Fnjóskadal en þetta þarf að skoða nánar eftir áramót.

Ákveðið var að hafa kynningu á lífeyrismálum á jólafundium sem verður haldinn 28 desember nk. Björn Berg verður með kynningu á lífeyrismálum fyrir fundargesti.

Jón Frímann kom með vangaveltur um hvort félagði gæti hlutast til um að menn fengju hjálp ef þeir verða fyrir áfalli svo sem að missa vinnuna. Málið var rætt nokkuð en varðandi peninghliðina, þá er sálfræðikostnaður meðhöndlaður eins og annar sjúkrakostnaður að sögn formanns. Formaður hvatti menn til að benda mönnum á að hafa sambandi við sig, hann gæti bent mönnum, sem lenda í slíkum hremmingum, á sálfræðinga eða geðlækna til aðstoðar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:20-



Árni Sverrisson formaður



Páll Egir Pétursson fundarritari